



Foreldrafélag Sunnulækjarskóla

Fréttabréf

Júní 2010

Stjórn foreldrafélagsins
veturinn 2010-2011:

Formaður:

Linda Björk Sigurðardóttir
lifsol@hotmail.com

Varaformaður:

Anne B. Hansen
smjordalir@simnet.is

Ritari:

Óskar Gunnarsson
oskar.gunnarsson@or.is

Gjaldkeri:

Karen Guðmundsdóttir
karen9@simnet.is

Meðstjórnandi:

Pórey Eypórsdóttir
orngudna@simnet.is

Varamaður:

Helena Herborg
Guðmundsdóttir
helenaherborg@gmail.com

Varamaður:

Valborg Tryggvadóttir
valborg@verksud.is

**Fulltrúar foreldra í
skólaráði:**

María Karen Ólafsdóttir
vordufell@simnet.is

Ólafur Unnarsson
olafuru@mmedia.is

Frá 1. fundi Foreldrafélags Sunnulækjarskóla 2010-2011

1. Stjórnin skipti með sér verkum.

2. Rætt var um heildræna skóla- og frístundastefnu. Karen og Helena ætla að sjá um að afla sér upplýsinga.

3. Rætt var um að gefa út fréttabréf með helstu upplýsingum og fréttum sem félagið vill koma á framfæri. Anne ætlar að hafa yfirumsjón með útgáfunni ásamt því að uppfæra heimasíðu félagsins.

4. Rætt var um að gefa út símaskrá fyrir hvert stig (yngsta, mið og elsta stig) með nöfnum barna og foreldra. Í símaskránni væri hægt að hafa fróðleik sem hentar hverju stigi. Linda sér um að ræða við Birgi og halda áfram með skipulagningu.

5. Rætt var um að halda áfram með hóp um forvörn gegn einelti. Anne ætlar að taka að sér að finna fólk í forsvari fyrir hópinn.

6. Rætt var um mikilvægi þess að koma foreldra-röltinu af stað strax í haust og að sameinast um röltið með foreldrum Vallaskóla. Óskar og Valborg ætla að taka að sér að sjá um þetta.

7. Fundarmenn voru sammála um að efla og koma á virkri tengingu á milli foreldra og skóla, rætt var um hvernig mætti efla þessa tengingu. Það væri hægt með því að upplýsa foreldra meira um foreldrafélagið og helstu hlutverk félagsins.

8. Staða á bankareikning félagsins þann 31. maí 2010 var kr. 405.371.-

Sjá fundargerð í heild sinni á heimasíðu skólans.




Gleðilegt
sumar
bestu keðjur,
stjórnin

Frá aðalfundi Foreldrafélags Sunnulækjarskóla

Mánudaginn 31. maí 2010 var haldinn aðalfundur Foreldrafélags Sunnulækjarskóla. Á dagskrá voru venjuleg aðalfundarstörf. Formaður Jóhann Böðvar Sigpórsson kynnti skýrslu stjórnar og reikninga félagsins. Ný stjórn og fulltrúar foreldra í skólaráði voru

kosnir, sjá nánar annars staðar í blaðinu. Anne B. Hansen gerði grein fyrir starfi vinnuhóps um eineltismál. Sigurrós Jónasdóttir og Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir kynntu samstarfsverkefni tengla í 7.bekk (sjá grein að neðan).



Samstarf tengla í 7.bekk í Sveitarfélaginu Árborg veturinn 2009 - 2010

Í vetur hafa tenglar nemenda í 7. bekk í Sunnulækjarskóla, Vallaskóla og Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri tekið höndum saman og skipulagt þrjú viðburði; fyrst var Halloween ball svo var það skautuferð í Egilshöll og að síðustu var það lokaball sem haldið var þann 29. apríl í Zelsíuz, þar sem leynigesturinn Haffi Haff sló í gegn...

Skemmst er frá því að segja að samstarfið hefur verið frábært og börnin æðisleg. Starfsmaðurinn í Egilshöll tók það sérstaklega fram hvað börnin hefðu verið kurteis og umgengnin til fyrirmyndar. Umgengnin var einnig til fyrirmyndar í Zelsíuz bæði á

Halloween ballinu sem og á lokaballinu. Þá viljum við einnig koma á framfæri þakklæti okkar til plötusnúðanna Arnars Magnússonar og Jóhanns Valgeirs Helgasonar sem og tæknimannsins Guðmundar Bjarnasonar.

Það er von okkar tenglanna að áframhald verði á samstarfinu en einnig að aðrir tenglar taki höndum saman og skipuleggi sameiginlega viðburði. Með auknu samstarfi kynnast bæði foreldrar og nemendur í Sveitarfélaginu Árborg og þá er síður hætta á einelti.

Tenglar í 7. bekk í Sveitarfélaginu Árborg

